

✉ Re: Tillaga að friðlýsingu Borgarvogs

Búið til	13.7.2021 14:51:31
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	13.7.2021 14:51:29
Tilheyrir	 202104-0025 - Tillaga að friðlýsingu Borgarvogs í Borgarbyggð

Efni

Re: Tillaga að friðlýsingu Borgarvogs

Upplýsingar

Sent	13.7.2021 14:51:29	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-11 Umsagnir um friðlýsingar		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	eva.hannesdottir@umhverfisstofnun.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202104-0025 (SS)

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 13. apríl 2021, þar sem kynnt er tillaga að friðlýsingu Borgarvogs í Borgarbyggð sem friðlands í samræmi við 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Tillagan felst í friðlýsingarskilmálum fyrir friðlandið ásamt hnitsettum mörkum fyrir svæðið.

Náttúrufræðistofnun Íslands sendi Umhverfisstofnun álit sitt um verndargildi Borgarvogs 2. nóvember 2020, málsnr. 202010-0021 (TB), en þar kemur fram að „[...] vogurinn er bæði mikilvægur vegna lífríkis í voginum sjálfum og mikilvægur fyrir fugla sem nýta Borgarvog og fleiri svæði í nágrenninu. Borgarvogur hefur því bæði mikið staðbundið verndargildi og mikið verndargildi sem hluti af stærra svæði, þ.e. mikilvægu fuglasvæði. [...] Borgarvogur er hluti af stærri órjúfanlegri vistfræðilegri heild og hefur hátt verndargildi í því samhengi og því ber að varast að leggja eingöngu mat á Borgarvog sem afmarkaða heild og slíta hann úr fyrrgreindu samhengi.“

Þá sendi Náttúrufræðistofnun umsögn um áform um friðlýsingu þann 22.02.2021. Þar kemur fram að friðlýsingu Borgarvogs sé fagnað en jafnframt að stofnunin telji að friðlýsingarmörkin sem kynnt voru þyrfti að endurskoða þannig að þau nái yfir vistfræðilega heild svæðisins og með því sé hátt verndargildi svæðisins betur tryggt til framtíðar. Lagði stofnunin til æskileg friðlýsingarmörk á korti sem fylgdi umsögninni.

Einnig benti stofnunin á að helstu ógnir verndarsvæðisins felast í nálægð þess við þéttbýli Borgarness.

Ljóst er að tillaga um friðlýsingarmörk hefur ekki tekið breytingum frá því að áform voru fyrst kynnt og er það miður að mati Náttúrufræðistofnunar þar sem glatast tækifæri til að ná heildstæðri verndun yfir vistfræðilega heild þar sem m.a. eru fjöruvistgerðir eins og leirur og búsvæði fugla með töluvert verndargildi t.d. varp- og fellistöðvar æðarfugls og viðkomustaðir vaðfugla á fartíma og vetrarstöðvum. Að því sögðu ná mörkin yfir alla gulþörungaleiruna sem er afar fágæt vistgerð á landsvísu og sú í Borgarfirði líklega sú stærsta á landinu og er mikilvægt búsvæði fyrir vaðfugla. Þá nær friðlýsingin yfir það svæði sem er undir hvað mestu álagi vegna nálægðar við byggð í Borgarnesi.

Athugasemdir við auglýsta friðlýsingarskilmála:

Í 6. grein um umferð í friðlandinu er fjallað um merktar leiðir, stíga, slóða og vegi. Þetta er væntanlega almennur texti en Náttúrufræðistofnun telur að hann eigi ekki vel við þar sem friðlandið nær lítið sem ekkert upp á land, það er ólíklegt að það verði nokkrir slíkir stígar eða vegir innan þess og alls ekki skynsamlegt að hvetja til þess að slóðar myndist í fjöruborðinu. Sömuleiðis er sérkennilegt að tala um næturdvöl og tjöldun. En örlítill skiki af landi innsti í Borgarvogi er innan friðlandsins þannig að ef til vill er þetta nauðsynlegt hans vegna.

Í 7. grein er fjallað um umgengni og óheimilt að skilja eftir eða urða úrgang innan friðlandsins. Mikilvægt er að greinin nái einnig yfir losun skólps eða annars afrennslis sem gæti verið mengað. Tryggja þarf að afrennsli ofanvatns sem skilar sér í friðlandið sé hreinsað á fullnægjandi hátt.

Í 12. grein er fjallað um landnotkun og þar er hrossabeit heimil innan friðlandsins. Náttúrufræðistofnun veltir fyrir sér hvers vegna hrossabeitarhólf á túni er innan marka friðlandsins, þar sem verndargildi túnsins er lítið. Við suð austanverðan botn Borgarvogs er votlendi sem ástæða er til að hafa innan friðlandsins. Ekki ætti að leyfa hrossabeit í votlendinu.

Í 13. grein er fjallað um veiðar og nýtingu hlunninda. Náttúrufræðistofnun telur að ekki ætti að veita alhliða heimild á notkun skotvopna til refaveiða heldur ætti að skilgreina heimild um undanþágur t.d. þegar verja þarf æðavarp og slíkt á líklega einungis við lítinn hluta friðlandsins t.d. alls ekki nálægt byggð í Borgarnesi. Veiðar á villtum dýrum sem ekki teljast framandi ágengar tegundir eru í ósamræmi við ákvæði 10. greinar um verndun lífríkis og að óheimilt sé að trufla dýralíf og því heppilegra að heimildir til veiða séu veittar sem undanþágur.

Heimild er veitt fyrir netalögnum fyrir silung. Mikilvægt er að í stjórnunar- og verndaráætlun sé fjallað nánar um framkvæmd netalagna þannig að öðru lífríki t.d. fuglum og selum standi ekki ógn af þeim.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Eva B. Sólán Hannesdóttir" <eva.hannesdottir@umhverfisstofnun.is>
To:
CC:
Subject: Tillaga að friðlýsingu Borgarvogs
Date: 13.4.2021 16:18:39

Ágæti viðtakandi,

hjálagt er bréf frá Umhverfisstofnun þar sem kynnt er tillaga að friðlýsingu Borgarvogs í Borgarbyggð.

Vakin er athygli á því að sökum COVID-19 er bréfið eingöngu sent á rafrænu formi, nema annars sé sérstaklega óskað.

Bestu kveðjur / Best regards

Eva B. Sólán Hannesdóttir

Lögfræðingur / Lawyer

Svið Friðlýsinga og starfsleyfa / Department for Designation of Nature Protection Areas and Pollution Permits



Umhverfisstofnun / Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Bréfasími / Fax: +354 591 2010

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

UM TÖLVUPÓSTINN / DISCLAIMER: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

Viðhengi

image002.png (5 KB)

image001.png (3 KB)